

Gæðaferlar - íslenskukennsla

Kristniboðssambandið hefur undanfarin 10 ár boðið útlendingum upp á ókeypis íslenskukennslu. Okkar hugsjón er fyrst og fremst að bjóða fólki sem ekki hefur aðstöðu til að sækja námskeið eða vinnu af einhverjum ástæðum upp á að koma og læra íslensku í öruggu og kærleiksríku umhverfi. Þessar ástæður geta verið ýmsar t.d. þær að fólk er í biðstöðu, ekki komið með dvalar og/eða atvinnuleyfi, konur sem eru heimavinnandi og komast ekki á námskeið nema að degi til og þá jafnvel með börnin með sér, fólk sem vegna fjárhags og samfélagsstöðu getur ekki sótt önnur námskeið og fl. Á sama tíma eru námskeiðin að auki opin öllum þeim sem vilja læra íslensku og eru jafnvel sumir nemendur á öðrum námskeiðum samhliða en koma til okkar því hér fá þeir góða talþjálfun og tækifæri til að tengjast öðru fólki.

Gæðamat, eftirlit og umbætur

SÍK er viðurkenndur fræðsluaðili á sviði. Samkvæmt 14. gr. laga um framhaldsfræðslu er kveðið er á um lögbundið innra og ytra eftirlit með gæðum skólastarfs í framhaldsfræðslu. Tilgangur þess er að veita hagsmunaaðilum upplýsingar um árangur og gæði fræðslustarfsins, svo og til þess að tryggja gæði náms og stuðla að umbótum.

Gæðaeftirlit SÍK tekur til þriggja þátta, en þeir eru:

- 1) Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu
- 2) Upplýsingagjöf og varðveisla gagna
- 3) Undirbúningur og framkvæmd fræðslu

1. Stjórnun, markmið og umsýsla fræðslu

Gæðamarkmið	Framkvæmd	Ábyrgð	Tími
SÍK tryggir að starfsfólk þekki tilgang íslensku-kennslunnar, taki þátt í gæðastarfi, viðhaldi gæða-menningu og njóti stuðnings við að skilja og nýta gæðaferlið.	Námskeið fyrir kennara/sjálfbóðaliða í upphafi hvers námskeiðs þar sem farið er yfir þessi atriði.	Ábyrgðarmaður kennslu.	September og janúar
SÍK tryggir að fyrir liggi gæðaferlar og áætlanir um innleiðingu úrbóta.	Gæðaferlar og umbótaáætlanir séu aðgengileg á heimasíðu. Umbótaáætlun sé gerð árlega.	Gæðanefnd og ábyrgðarmaður kennslu.	Júlí/ágúst
SÍK tryggir að niðurstöður innra gæðamats séu skjalfestar og aðgerðum til úrbóta hrint í framkvæmd.	Gæðaferlar og umbótaáætlanir séu aðgengileg á heimasíðu. Umbótaáætlun sé gerð árlega.	Gæðanefnd og ábyrgðarmaður kennslu.	Júlí/ágúst
SÍK tryggir að leiðbeinendur sem koma að fræðslu taki þátt í endurgjöf, endurskoðun og úrbótum á framkvæmd.	Matsfundir í lok hvers námskeiðs.	Ábyrgðarmaður kennslu.	Nóv/des og maí.
SÍK tryggir að niðurstöður endurgjafar verði notaðar í umbótastarfi til að auka gæði fræðslu.	Námskeið og kennsluáætlanir skipulagðar út frá umbótaáætlun.	Ábyrgðarmaður kennslu.	September og janúar.
SÍK tryggir að starfsfólk sem kemur að fræðslu þekki lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010 og siðareglur kennara.	Lög um framhaldsfræðslu og siðareglur kennara kynntar starfsfólki með tölvupósti og á undirbúningsnámskeiði.	Ábyrgðarmaður kennslu.	September og janúar
SÍK tryggir að leiðbeinendur séu hæfir á grundvelli menntunar, þjálfunar og/eða reynslu sinnar eftir því sem við á.	Umsjónarmaður kennslu og framkvæmdastjóri SÍK fá leiðbeinendur til starfa út frá þessum atriðum.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
SÍK tryggir að leiðbeinendur fái stuðning til að afla sér kennslufræðilegrar þjálfunar og símenntunar.	Umsjónarmaður kennslu bendir leiðbeinendum á námskeið og vefsíður um kennslufræði eftir því sem við á. Þetta eru helst námskeið er varða málefni innflytjenda og vefsíður með	Ábyrgðarmaður kennslu.	

	kennsluleiðbeiningum við námsefnið sem notað er.		
SÍK hefur skýr og mælanleg markmið um framkvæmd fræðslu.	Markmið kennslunnar er fyrst og fremst að bjóða fólki sem ekki hefur aðstöðu til að sækja námskeið eða vinnu af einhverjum ástæðum upp á að koma og læra íslensku í öruggu og kærleiksríku umhverfi. Þ.a.l. er ekki gerð krafa um lágmarks mætingu eða lágmarksárangri miðað við hæfniviðmið þótt kennslan sé skipulögð skv. námskrá í íslensku sem annað mál og unnin út frá evrópska tungumálarammanum. Mælanleg markmið okkar eru: Að 90% nemenda séu mjög eða nokkuð ánægðir með námsefni, kennsluhraða, námshópa og stuðning kennara.	Ábyrgðarmaður kennslu.	Lok námskeiðs.
SÍK skilgreinir hvaða verkferlar gildi við lok náms.	Ekki er um formleg próf að ræða, en nemendur fylla út sjálfsmat í tíma. Nemendur geta fengið yfirlit yfir mætingu sína sé þess óskað.		
SÍK skilgreinir hvað námsmenn þurfi að uppfylla til að ljúka námi á fullnægjandi hátt.	Ekki er um formleg námslok að ræða. Nemandi þarf að vera með 75% mætingarhlutfall til að teljast hafa lokið námskeiði og fá staðfestingu þess efnis, en öllum er velkomið að sækja námskeið án þess að uppfylla þetta mætingahlutfall.		

2. Upplýsingagjöf og varðveisla gagna

Gæðamarkmið	Framkvæmd	Ábyrgð	Tími
Fræðsluaðili er með stefnu um meðferð og varðveislu persónuupplýsinga sbr. lög nr. 90/2018.	Sjá gæðahandbók.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
Fræðsluaðili tryggir að námsmenn fái upplýsingar um nám og mögulegan ávinning af því.	Upplýsingar um námið eru aðgengilegar á heimasíðu SÍK.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
Fræðsluaðili hefur ferli til þess að vakta þarfir/óskir fólks sem hefur sýnt áhuga á námi.	Upplýsingum um nemendur og námsstöðu þeirra er safnað þegar þeir skrá sig.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
Fræðsluaðili varðveitir nákvæmar upplýsingar um nám, námsferla og skráningar sbr. lög nr. 77/2014.	Upplýsingar á heimasíðu.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
Fræðsluaðili varðveitir nákvæmar upplýsingar um þátttöku námsmanna.	Nemendur geta óskað eftir þessum upplýsingum hjá ritara.	Ritari.	
Námsárangur/námslok námsmanna eru skráð og varðveitt í kerfi fræðsluaðila.	Ritari heldur utan um þessi gögn.	Ritari.	
Fræðsluaðili hefur ferli til að taka við ábendingum og kvörtunum.	Sjá lið 10.3 í gæðahandbók og Skipurit vegna ágreiningsmála á heimasíðu.	Ábyrgðarmaður kennslu.	
Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur fái endurgjöf frá námsmönnum að námi loknu sem er notuð til umbóta.	Í lok hvers námskeiðs svara nemendur könnun þar sem þeir meta aðstöðu, kennslu, kennsluaðferðir o.fl. Leiðbeinendur eru upplýstir um niðurstöðu þess.	Umsjónarkennari og ábyrgðarmaður.	

3. Undirbúningur og framkvæmd fræðslu

- Fræðsluaðili tryggir viðeigandi aðbúnað (aðgengi, tækjabúnað, eða annað sem þarf).
- Fræðsluaðili býður upp á aðstöðu sem hæfir fullorðnum námsmönnum og viðfangsefnum.
- Fræðsluaðili tryggir að hönnun náms byggi á greiningu á þörfum námsmanna, atvinnulífs og annarra aðila eftir aðstæðum.
- Fræðsluaðili tryggir að námsframboð sé endurskoðað reglulega í takt við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins í heild.
- Fræðsluaðili leggur til skýr og mælanleg hæfniviðmið í samræmi við nám sem í boði er.
- Fræðsluaðili skal tryggja að námsmenn séu upplýstir um skipulag, efnistöð og framkvæmd náms.
- Fræðsluaðili tryggir að komið sé til móts við fjölbreyttar þarfir námsmanna meðan nám stendur yfir.
- Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur fái stuðning við að beita fjölbreyttum kennsluaðferðum til þess að mæta einstaklingsbundnum þörfum námsmanna og settum hæfniviðmiðum.
- Fræðsluaðili tryggir að námsmenn fái stuðning við að setja fram áætlun um leiðir til að ná hæfniviðmiðum námsins.
- Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinandi framfylgi lýsingu náms.
- Áður er nám hefst skal fræðsluaðili tryggja að námsmenn séu upplýstir um hvernig námsárangur á móti hæfniviðmiðum er metinn og hvernig endurgjöf er háttað.
- Fræðsluaðili tryggir að leiðbeinendur beiti fjölbreyttum aðferðum til þess að meta framgang náms hjá námsmönnum.

Innra mat kennslunnar fer fram á fundum með sjálfbóðaliðum og kennurum og með því að leggja matsblað fyrir nemendur þar sem þeim gefst tækifæri til að gefa námskeiðunum einkunn og kom athugasemdum á framfæri. Ekki eru lögð eiginleg próf fyrir nemendur en í lok námskeiða eru lögð sjálfspróf fyrir nemendur sem þeir svöruðu fyrst sjálfir en kennarar og sjálfbóðaliðar fóru yfir niðurstöður með þeim. Nemendur fylla einnig út mat á námskeiðinu, kennurum, aðstöðu, kennsluaðferðum

Matsfundir kennara/sjálfbóðaliða eru haldnir í lok hvers námskeiðs, en þeir byggjast á *endurskoðun á hæfniviðmiðum, kennsluaðferðum, skipulagi og námsefni, auk þess sem niðurstöður stuttra kannana til nemenda og aðstoðarkennara eru rýndar. Þriggja manna teymi sem samanstendur af framkvæmdastjóra, ábyrgðarmanni og umsjónarkennara fer yfir þessi mál og gerir áætlun um úrbætur sem síðan eru birtar á heimasíðu samtakanna undir flípanum íslenskukennsla. Umsjón með sjálfsmatinu hefur ábyrgðarmaður námsins.*

SÍK vinnur eftir EKKO stefnu, en það eru verklagsreglur ef upp koma mál eða ásakanir um einelti, kynbundna áreitni, kynferðislega áreitni eða ofbeldi. Stefnan er aðgengileg á heimasíðu SÍK.